

## Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breytingu á lögum um opinber innkaup,  
nr. 120/2016 (markviss innkaup, keðjuábyrgð o.fl.).

Frá fjárlaganefnd.

- Í stað orðanna „miðlæg innkaupastofnun eða sérstök starfseining á vegum ríkisins veitir“ í a-lið 1. gr. komi: Ríkiskaup veita.
2. gr., 3.–4. mgr. 10. gr. og 11., 14. og 16. gr. falli brott.
- Við 8. gr.
  1. efnismgr. orðist svo:

Aðalverktaki skal tryggja og bera ábyrgð á að allir starfsmenn, hvort sem um ræðir starfsmenn hans, undirverktaka eða starfsmannaleiga, fái laun, starfskjör, sjúkra- og slysatryggingar og önnur réttindi í samræmi gildandi kjarasamninga og lög hverju sinni. Kaupandi skal gera grein fyrir ábyrgð aðalverktaka í útboðsgögnum.
  - Orðið „jafnframt“ í 2. efnismgr. falli brott.
2. másl. 17. gr. orðist svo: Þó öðlast 9. og 11. gr. gildi 1. september 2019 og 7. gr. 1. janúar 2020.